

6. Bifreiðastöður eru bannaðar við Vesturgötu sunnan götunnar frá Fjarðargötu að húsi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, við **Reykjavíkurveg** vestan megin götunnar á svæðinu frá Hraunhvammi þar til móts við húsið nr. 35 A og á svæðinu milli Skúlaskeiðs og Nönnustígs við nefnda götu.

Einnig eru bifreiðastöður bannaðar í sundi því, sem myndast milli hafnarinnar og Verkamannaskýlisins og enn fremur framan við skrifstofur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar við höfnina.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. desember 1971. Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 25. nóvember 1971.*

**Einar Ingimundarson.**

30. nóvember 1971.

Nr. 222.

## AUGLÝSING

**um bann við síldveiðum með herpinót, á svæði í hafinu suður af Írlandi og vestur af Englandi.**

### 1. gr.

Samkvæmt heimild í d. og e. lið 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi gert ályktun um bann við síldveiði á svæði í hafinu vestur og suður af Englandi og Írlandi. Efni ályktunarinnar er birt í 2. gr. auglýsingar þessarar.

### 2. gr.

Síldveiðar með herpinót eru bannaðar á því svæði Atlantshafsins, sem takmarkast annars vegar af 49° norðlægrar breiddar og 52°30' norðlægrar breiddar og hins vegar af 5° vestlægrar lengdar og 9° vestlægrar lengdar.

### 3. gr.

Bann þetta tekur þegar gildi. Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbætri, en samningur þessi hefur öðlast gildi, skv. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1971.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Dórður Ásgeirsson.*